

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningar- og gjafasjóð Þórormstunguhjóna sem staðfest var 8. júní 2004 nr. 517.

Stjórn Minningar- og gjafasjóðs Þórormstunguhjóna hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

3. gr. orðist svo:

Tilgangur sjóðsins skal vera sá að verðlauna bændur í fyrrum Áshreppi fyrir alhliða búmenningu, svo sem í umgengni og viðhaldi jarða, meðferð búfjár, jarðrækt eða hagnýtum nýjungum á sviði búskaparins, allt eftir dómi sjóðstjórna.

10. gr. orðist svo:

Komi það í ljós að álitni stjórnarinnar, að verkefni sjóðsins sé tæmt skv. 3. gr., er henni heimilt að bera fram breytingar á skipulagsskránni og skal það auglýst til allra félagsmanna með nægum fyrirvara. Þær einar breytingar má gera á skipulagsskránni er samþykktar eru með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða á löglegum aðalfundi félagsins. Þó skal verkefni sjóðsins ávallt vera að styðja umbætur í fyrrum Áshreppi.

11. gr. orðist svo:

Stjórn er heimilt að leita samþykkis til að skerða höfuðstól sjóðsins vegna sérstakra verkefna sem leiða má líkur að séu til hagsbóta fyrir alla félagsmenn og aðra íbúa fyrrum Áshrepps. Aldrei má þó skerða höfuðstólinn meir en sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta hans á hverju ári. Séu slíkar tillögur á dagskrá skal þeirra getið í aðalfundarboði, og ná þær aðeins fram að ganga séu þær samþykktar með $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningar- og gjafasjóð Þórormstunguhjóna staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. júní 2006.

F. h. r.

Haukur Guðmundsson.

Bryndís Helgadóttir.